

### 3. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

#### STARFSÁRIÐ 2018-2019

Þriðjudaginn 24.júlí kl. 18.00 var haldinn þriðji fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla..

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir, formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Pétur Alan Guðmundsson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Viktoría Jensdóttir og Þorsteinn Thorsteinsson boðuðu forföll. Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ ritaði og sat fundinn.

#### Dagskrá:

- 1. Ný Persónuverndarlög og persónuverndarstefna.**  
Farið var yfir drög að persónuverndarstefnu sem er í vinnslu fyrir HRFÍ. Framhald vinnunnar var rætt og stefnt að því að ljúka henni í haust. Rætt var um birtingu nafna í sýningarskrá fyrir næstu sýningu.
- 2. Deildarsýning Schafer deildar**  
Stjórn tók fyrir umsókn Schafer deildar um deildarsýningu með breyttri fjárhagsáætlun og gerðar voru athugasemdir við nokkra liði í fjárhagsáætlun sem kallaði á skýringar eða að viðkomandi kostnaðarliðir yrðu fjarlægðir. Eins vantar staðfestingar frá styrktaraðilum á styrkjum. Skrifstofu er falið að vinna málið áfram með stjórn deildarinnar áður en að umsóknin verður afgreidd.
- 3. Áhættumat vegna innflutnings gæludýra**  
Enn og aftur fær félagið þau svör að áhættumatið sé ekki tilbúið, málin rædd og næstu skref.
- 4. Beiðni Schnauzerdeildar vegna B-PRA prófs fyrir Schnauzer deild**  
Samþykkt eftir umsögn vísindanefndar.
- 5. Erindi sem samþykkt voru á milli funda**
  - Sýningadómaranefnd félagsins mælti með staðfestingu dómara réttinda Herdísar Hallmarsdóttur á English Springer Spaniel til að dæma tegundirnar flatcoated retriever og springer spaniel. Herdís tók próf hjá tveimur sænskum dómurum þeim Henric Fryckstrand og Ragnhild Ulin. Henric, sem ræktar sjálfur golden retriever, er á lista SKK yfir þá sem sænski klúbburinn viðurkennir sem prófdómara á báðar tegundirnar og Ragnhild er einn framgangríkasti ræktandi flatcoated retriever á Norðurlöndum.
  - Sýningadómaranefnd félagsins mælti einnig með því að Viktoría Jensdóttir fengi réttindi á Schnauzer (standard) en hún hefur lokið nemið á tilskyldum fjölda hunda í tegundinni.

Samþykkt.

Fundi slitið 20.30

Herdís Hallmarsdóttir  
Auður Sif Sigurgeirsdóttir  
Daníel Örn Hinriksson  
Pétur Alan Guðmundsson